

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 20. mars 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-90/2014:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 29. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á svefnsófa, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 19. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 25. nóvember. Með bréfi, dags. 8. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 14. desember. Með bréfi, dags. 5. janúar, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og frestur til þess til 19. janúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 19. mars, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 1. apríl 2014 keypti álitsbeiðandi svefnsófa af gerðinni Finley Dallas af seljanda fyrir kr. 125.993. Af álitsbeiðni verður ráðið að s.l. haust kvartaði álitsbeiðandi undan því við seljanda að bak sófans var farið að „leka niður“ og var orðið „mjög ljótt að sjá sófann“. Mun álitsbeiðandi hafa opnað púða í baki sófans og þá séð að hann var fullur af „afgangs svampi, öllum í molum“. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi sagt sér að púðarnir ættu að vera svona enda um „mjúkan sófa“ að ræða. Seljandi hafi hins vegar bent sér á að hægt væri að láta fylla púðana með heilum svamp. Mun athugun álitsbeiðanda á því hvað slík aðgerð myndi kosta hafa leitt í ljós að hægt var að fá nýjan svamp í púðana fyrir kr. 26.000. Segist álitsbeiðandi hafa spurt seljanda hvort hann væri tilbúinn til að taka á sig þann kostnað, en því mun hafa verið hafnað. Segist álitsbeiðandi þá hafa krafist riftunar, en því hafi verið hafnað. Eins hafi seljandi boðið sér að koma með púðana fyrir bakið og fylla upp í þá með svampi úr auka púðum sem seljandi átti. Því tilboði segist álitsbeiðandi hafa hafnað. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi riftunar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kvittun fyrir kaupunum, ásamt myndum af sófanum.

#### **IV**

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur fram að álitsbeiðandi keypti svefnsófa af seljanda hinn 1. apríl 2014 fyrir kr. 125.993 og var sófinn seldur með 30% afslætti. Hafi svefnsófinn verið til sýnist í verslun seljanda og þar hafi verið hægt að skoða alla eiginleika hans. Álitsbeiðandi hafi því getað kynnt sér alla þætti svefnsófans fyrir kaupin. Segir seljandi að mjög misjafnt sé hvernig svefnsófar séu uppbyggðir og séu þeir til í mörgum útfærslum. Umræddur svefnsófi sé einn af vinsælli svefnsófum seljanda. Seljandi segist fyrst hafa orðið var við óánægju álitsbeiðanda með púða svefnsófans um miðjan ágúst 2014, þ.e. um fjórum og hálfum mánuði eftir kaupin. Segir seljandi að starfsmenn sínir hafi verið allir af vilja gerðir við að aðstoða álitsbeiðanda svo hann yrði ánægður með sófann. Álitsbeiðandi hafi komið með púðana í

verslun seljanda og hafi honum þá verið boðið að fá fyllingu í púðana úr öðrum svefnsófa, til að auka fyllinguna sér að kostnaðarlausu. Það hafi álitsbeiðandi ekki þegið. Greinilegt hafi verið að ekki var um galla að ræða í púðunum þar sem þeir voru nákvæmlega eins og þeir áttu að vera. Álitsbeiðanda var jafnframt bent á að hann gæti látið skipta út fyllingunni í púðunum fyrir heila fyllingu hjá þriðja aðila, en það yrði hann að gera á eigin kostnað. Telur seljandi ekkert tilefni til að meta svefnsófann gallaðan, sem væri forsenda þess að endurgreiða hann. Að lokum bendir seljandi á að ljósmyndirnar sem fylgdu álitsbeiðninni gefi ekki rétta mynd af sófanum og greinilegt sé að púðunum hafi verið þrýst niður til að ná útlitinu sem myndin er tekin af. Segir seljandi að til glöggvunar fylgi andsvörum ljósmynd af sófanum eins og hann líti venjulega út.

Meðfylgjandi andsvörum er afrit af kvittun fyrir sölu á sófanum, ásamt ljósmynd af honum.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafnar því að hafa þrýst á púða sófans áður en hann tók af honum myndir. Ítrekar álitsbeiðandi að púðarnir séu of mjúkir og leki því niður við notkun. Segist álitsbeiðandi einnig vita um tvo aðra aðila sem keyptu samskonar sófa og að púðar í þeim sófum séu ekki jafn linir. Þá segir álitsbeiðandi að hann hafi rætt við starfsmann fyrirtækis sem selji svampa, m.a. í sófa og spurt hann hvort eðlilegt væri að púðar í jafn dýrum sófa væru fylltir með kurli. Því hafi verið svarað neitandi. Segir álitsbeiðandi tvennt í boði, að seljandi sæki sófann og endurgreiði sér kaupverð hans, eða greiði kostnað við að fylla púðana með heilum svampi.

## VI

### **Niðurstaða kæruneftdarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi svefnsófa af gerðinni Dinley Dallas af seljanda hinn 1. apríl 2014 fyrir kr. 125.993. Álitsbeiðandi telur að púðar í sófanum séu haldnir galla og krefst riftunar. Seljandi hafnar því að púðarnir séu haldnir galla, það efni sem í þeim sé sé eðlilegt og að álitsbeiðandi hafi haft fullt tækifæri á að skoða sófann fyrir kaupin og þar með leggja mat á eiginleika hans.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“ og í d-lið sömu mgr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan.“ Í 3. mgr. 16. gr. segir síðan að neytandi geti „ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.“

Ekki hefur annað komið fram en álitsbeiðandi hafi skoðað umræddan sófa áður en hann festi kaup á honum hinn 1. apríl sl. Þar hafði hann tækifæri á að m.a. skoða ítarlega umrædda púða sem og aðra eiginleika sófans. Ekki hefur verið sýnt fram á annað en að púðar sófa álitsbeiðanda séu samskonar og púðar í sýningareintaki í verslun seljanda. Þá verður ekki fallist á það með álitsbeiðanda að óeðlilegt sé að púðar sófans séu fylltir með svampkurli. Telur kæruneftndi því ekkert fram komið sem bendir til þess að sófinn, eða hlutar hans, séu

gallaður í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þá bendir kærunefndin á að skv. 3. mgr. 16. gr. getur álitsbeiðandi ekki borið það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita við kaupin. Að framansögðu virtu verður að hafna kröfum álitsbeiðanda.

**VII**  
**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir